



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2015

FÉLA3RS05 Réttindi og samfélag

Kennari:	Eyrún B. Magnúsdóttir	Sk.st.	EBM
-----------------	------------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum kynnast nemendur kenningum og hugtökum tengdum jafnrétti, kynjafræði, lýðræði, mannréttindum og almennri samfélagsvitund. Farið verður í gegnsæi netsamfélaga og afleiðingar hegðunar þar og þær samfélagsbreytingar sem hafa orðið vegna aukinnar notkunar netsins og aukins framboðs af netsamfélögum. Nemendur munu einnig kynnast umhverfi, stöðu og réttindum fatlaðra í gegnum námsefni og í gegnum raunhæft liðveisluverkefni sem unnið er í samvinnu við sveitarfélög á svæði skólans.

Undanfari: FÉLA2KR05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Mannréttindum og þróun þeirra,
- tilgangi réttindabaráttu,
- hvað það er að vera virkur samfélagsþegn í lýðræðissamfélagi,
- grundvallarhugtökum er tengjast jafnrétti og kynjafræði,
- hvað fötlun er og ábyrgð samfélagsins gagnvart því.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita hugtökunum; læsi, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, sköpun, sjálfbærni og heilsa og velferð, bæði í námi og utan þess,
- greina mismunandi tegundir netsamfélaga og áhrif þeirra,
- nota námsefni og umfjöllun um fötlun í raunaðstæðum.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Leggja mat á upplýsingar um brot á réttindum fólks og viðbrögð samfélagsins við því,
- tengja umfjöllun samfélagsins við hugtök fjölmiðla um afbrot við sjónarhorn afbrota félags-, kynja- og fötlunarfræði,
- geta tjáð sig í ræðu og riti um samfélagsleg álitamál,
- geta litið á samfélagið með mismunandi sjónarhornum og gagnrýni,
- vita hvað felst í fræðilegum vinnubrögðum, kunna að leita að heimildum, meta gæði þeirra og vísa rétt í þær.

Námsefni:

Ljósrit, efni af Interneti, dreift af kennara.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dæmi:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
34	17. – 21. ágúst	Kynning á áfanganum – skipulag.	Hugtök.
35-36	24. ág – 4. sept	Réttindi og staða fatlaðra einstaklinga í samfélaginu. Liðveisluverkefni annarinnar kynnt.	Vinnustofur og verkefni. 8%
37-38	7. – 18. sept	Lýðræði og mannréttindi, jafnrétti.	Vinnustofur og verkefni. 8%
39 - 40	21. sept – 2. okt	Karlmennska vs. kvenleiki, kynjakvótar og staðalímyndir.	Vinnustofur. 6%
41-42	5. – 16. okt	Auglýsingar, myndbönd og myndir	Verkefni. 6%
43-44	19. – 30. okt	Sjálfbærni, siðferði og samskipti.	Vinnustofur. 6%
45-46	2. – 13. nóv	Klám og klámvæðing, kynbundið ofbeldi, vændi, mansal, kynheilbrigði	Vinnustofur og verkefni. 10%
47-48	16. – 27. nóv	Lokaverkefni.	Vinnustofur og verkefni. 16%
49	30. nóv – 4. des	Samantekt og úrvinnsla.	

Sérreglur áfangans:

Gerð er krafa um 100% skilaskyldu verkefna. Ef nemandi getur ekki skilað verkefni vegna óviðráðanlegra orsaka skal hann tala við kennara um leið og það er ljóst. Síðasta vika annarinnar getur verið notuð til að vinna það upp með sérverkefnum.. Mætingarskylda er í samræmi við reglur skólans. Farsímar eru leyfðir án hljóðs og leikja, í samráði við kennara.

Fyrirkomulag námsmats:

Dæmi:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Vinnustofur og verkefni	Einstaklings/hópverkefni.	60%
Liðveisluverkefni	Raunverkefni eða ritgerð.	30%
Þátttaka	Umræður og virkni í tímum og á síðu.	10%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Eyrún B. Magnúsdóttir – eyrunbm1@gmail.com